

Borgarráð

Vesturbugt og Kirkjusandsreitur - auglýsing eftir samstarfsaðilum um húsnæðisuppbyggingu.

Lagt er til að borgarráð feli skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að auglýsa eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu á lóðum við Vesturbugt og á lóðum Reykjavíkurborgar á Kirkjusandsreit. Leitað er eftir samstarfi við sjálfseignastofnanir, húsnæðissamvinnufélög og leigufélög, sem eru rekin án hagnaðarsjónarmiða og vinna að byggingu íbúða fyrir félagsmenn sína.

Greinargerð

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og ný húsnæðisstefna Reykjavíkurborgar miða að auknu og fjölbreyttu framboði húsnæðis fyrir alla félagshópa í öllum hverfum borgarinnar.

Undanfarin misseri hefur starfað sérstakur starfshópur að mótun hugmynda um „Nýju Reykjavíkurhúsin“ og útfærslu þeirra í Vesturbugt. Nú liggur fyrir skýrsla starfshópsins og er hún lögð fram í borgarráði samhliða tillögu þessari. Jafnframt er lögð fram tillaga um ráðstöfun og undirbúning að úthlutunarskilmálum tveggja lóða í Vesturbugt.

Í framhaldi af þessari undirbúningsvinnu vegna „Nýju Reykjavíkurhúsanna“ hefur skrifstofa eigna og atvinnuþróunar útfært minnisblað um verkefnislýsingu varðandi mögulega úthlutun tveggja lóða í Vesturbugt og möguleg kaup Reykjavíkurborgar á allt að 80 íbúðum í húsum, sem þar eiga rísa. Áformað er að íbúðirnar yrðu síðan framseldar til Félagsbústaða og byggingarfélaga stúdenta, aldraðra, öryrkja og e.t.v. byggingarsamvinnufélaga. Ákveðinn fjöldi íbúða í húsunum verða skilgreindur sem leiguíbúðir.

Á lóðum Reykjavíkurborgar á Kirkjusandi er gert ráð fyrir að til ráðstöfunar verði 170-200 íbúðir og um 100 þeirra verði úthlutað eða ráðstafað til samstarfsaðila með svipuðum hætti og til stendur að gera í Vesturbugt.

Til álita kemur að ráðstafa fleiri lóðum fyrir „Nýju Reykjavíkurhúsin“.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Drög að auglýsingu um Nýju Reykjavíkurbúsin.